

2. gr.

Reglur þessar öðlast gildi hinn 1. júlí 2001. Jafnframt falla úr gildi reglur nr. 253 frá 2. maí 1996, um fyrsta sölundag almennra útboða verðbréfa.

Reykjavík, 15. júní 2001.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísleifur Gunnarsson.

Eiríkur Guðnason.

Finnur Ingólfsson.

REGLUGERÐ**um greiðslur sjúkratrygginga fyrir lýtalækningar og februnaraðgerðir.**

1. gr.

Sjúkratryggingar greiða kostnað samkvæmt almannatryggingalögum vegna lýtalækninga, annarra en februnarlækninga, innan og utan sjúkrahúsa.

2. gr.

Sjúkratryggingar greiða ekki fyrir februnarlækningar, hvorki innan eða utan sjúkrahúsa. Til februnaraðgerða teljast:

- a. Andlits- og ennislyfting.
- b. Lagfæringar á augnalokum vegna húðfellinga eða augnpoka.
- c. Aðgerðir á andliti og eyrum til að lagfæra minniháttar útlitsafbrigði, önnur en ör.
- d. Brjóstastækkun.
- e. Brjóstalyfting.
- f. Hárlutningur eða hárigræðsla vegna skalla.
- g. Fitusogun, nema til að tæma fituæxli og lagfæra ör.
- h. Efnaesting til að slétta hrukkur.
- i. Strekking á magahúð í februnarskyni.
- j. Háreyðing með lasertækni.
- k. Laser- og diathermiaðgerðir við útvíkkuðum æðum í húð sem ekki valda öðrum einkennum en roða.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 34. og b-lið 1. mgr. 36. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. júlí 2001. Frá sama tíma fellur reglugerð nr. 83/1991 um greiðslur fyrir sjúkratryggða vegna lýtalækninga úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.